

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 21. október 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-97/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 13. desember 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um þjónustu fyrirtækisins Z, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur þjónustuna hafa valdið skemmdum á bifreið sinni og krefst bóta vegna tjónsins.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 17. desember 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 15. október 2019, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og meðfylgjandi gögnum kemur fram að álitsbeiðandi fór með bifreið sína á þvottastöð seljanda þann 1. nóvember 2018. Að sögn álitsbeiðanda var bifreiðin í fullkomnu lagi áður en þvotturinn fór fram. Þegar þvottinum var lokið kveðst álitsbeiðandi hafa tekið eftir því að stefnuljós hægra megin hafi verið dottið úr og festing þess brotin. Seljandi hefur haldið því fram að sögn álitsbeiðanda að bifreiðar geti ekki orðið fyrir tjóni í þvottastöðinni. Benti framkvæmdarstjóri seljanda álitsbeiðanda á að hann ætti að leita til umboðsaðila bifreiðarinnar og fá upplýsingar um það hvort svona geti gerst. Álitsbeiðandi gerði það og fékk þær upplýsingar að slíkt gæti gerst, en þrátt fyrir það neitaði seljandi að bæta álitsbeiðanda tjónið. Álitsbeiðandi kveðst hafa haft samband við seljanda um leið og hann sá umrædda skemmd og tók mynd af henni. Þar segir hann að ný rispa sé sjáanleg á bretti bifreiðarinnar þar sem stefnuljósið hafi hangið í þvottinum. Einnig sjáist að brotin séu tandurhrein á meðan tjara og önnur óhreinindi séu allt í kring. Það er því að mati álitsbeiðanda augljóst að tjónið sé nýtilkomið.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi þjónustu af seljanda þann 1. nóvember 2018 sem fólst í þvotti á bifreið álitsbeiðanda. Að sögn álitsbeiðanda olli þvotturinn skemmdum á bifreiðinni með þeim hætti að stefnuljós losnaði úr festingu, sem brotnaði, og rispaði bifreiðina.

Seljandi hefur ekki sent andsvör til nefndarinnar og verður að byggja á því er fram kemur í álitsbeiðni og gögnum frá álitsbeiðanda við úrlausn málsins.

Sönnunarbyrðin fyrir því að seljandi hafi raunverulega valdið tjóni hvílir á neytanda samkvæmt lögum um þjónustukaup. Í samræmi við framangreint ber álitsbeiðanda að sýna fram á tjón sitt og að seljandi hafi valdið tjóninu.

Í málinu liggja fyrir myndir sem teknar voru af bifreiðinni eftir þvott hjá seljanda. Á þeim myndum má sjá að stefnuljósið hefur losnað úr festingu sinni og hangir niður á hlið bifreiðarinnar. Kærunefndin telur að nokkru afli þurfi að öllum líkindum að beita svo að ljós losni frá festingum bifreiðar með þessum hætti. Ekkert liggur fyrir sem sannar að tjónið hafi komið til við þvott seljanda eða hvernig þvotturinn gæti hafa valdið því. Getur kærunefndin því ekki fallist á það að álitsbeiðandi hafi með óyggjandi hætti sýnt fram á það að umþrætt skemmd á bifreiðinni hafi komið við þvott hjá seljanda. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

V

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson